

**Nd.**

**300. Breytingartillögur**

[90. mál]

við frv. til l. um breyt. á sjómanna­lögum, nr. 41 19. maí 1930.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 5. gr. Á eftir 1. málslið komi orðin: nema um skólaskip sé að ræða.
2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:  
23. gr. laganna orðist þannig:  
Fækki skipverjum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.  
Fækki stýrimönnum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli skipstjóra og stýrimanns, eða stýrimanna, í hlutfalli við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.
3. Við 14. gr. Orðið „eftirlifandi“ í b-lið falli niður.
4. Við 44. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Ákvæði laga þessara um réttindi skipverja skulu í engu skerða fyllri rétt þeirra samkvæmt kjarasamningum.